

Fundargerð 9. ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn fimmtudaginn 6. maí 2021 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún bauðst til að taka sjálf að sér fundarstjórn og lagði til að Hanna María Kristjánsdóttir yrði skipuð ritari. Samþykkti fundurinn það einróma.

2. Skýrsla stjórnar

Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2020. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

3. Ársreikningur ársins 2020

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2020 sem stjórn hafði áður samþykkt einróma. Tap varð af rekstri setursins á árinu að fjárhæð 3,9 milljónir kr. Heildareignir námu 30,4 milljón kr. í árslok en skuldir voru 20,8 milljónir kr. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu Þekkingarsetursins: <http://thekkingarsetur.is/thekkingarsetur-sudurnesja/skiol/>

4. Starfsáætlun ársins 2021 lögð fram til kynningar

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja fjallaði um starfsáætlun setursins fyrir árið 2021. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

5. Þróun raungreinabúða á Reykjanesi

Hildur Sigfúsdóttir, verkefnisstjóri hjá Þekkingarsetrinu, sagði frá þróunarverkefni um raungreinabúðir á Reykjanesi sem staðið hefur yfir í setrinu síðan haustið 2020. Verkefnið er unnið í samstarfi við GeoCamp Iceland, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Keili og styrkt af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Vorið 2020 hlaut Þekkingarsetrið fjármagn úr ríkissjóði, í gegnum samning við SSS, til að vinna að eflingu þekkingarstarfsemi á Suðurnesjum



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

og þá sérstaklega eflingu menntunar og áhuga barna og ungmenna á sviði náttúruvísinda. Ákveðið var að nýta stóran hluta þess fjármagns til áframhaldandi þróunar raungreinabúða á Reykjanesi, sem GeoCamp Iceland hafði unnið að lengi. Nú í sumar er stefnt að prufukeyrslu raungreinabúðanna fyrir lítinn hóp nemenda sem lokið hafa 9. bekk. Þá verður einnig boðið upp á sumarnámskeið fyrir náttúrufræðikennara í grunn- og framhaldsskólum í byrjun ágúst, í samstarfi við Keili. Námskeiðið er styrkt af Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF).

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

Nanna Kristjana Traustadóttir - Sign